



**Ávarp forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
í veislu Noregskonungs 11. febrúar 1997**

Yðar hátignir, Haraldur konungur og Sonja drottning.
Heiðruðu gestir.

Noregur er í huga og hjörtum okkar Íslendinga ekki framandi land heldur frændabyggð. Sérhvert íslenskt barn hefur numið fornar sögur sem lýsa siglingu frjálshuga víkinga úr norskum fjörðum að íslenskum ströndum.

Saga Noregs er saga vor. Íslenskir höfundar fornritanna færðu norrænni menningu ódauðlegar bókmenntir sem reynst hafa frjómolð norskrar sjálfsvitundar. Frelsisbarátta Norðmanna var ein af fyrirmyndum Íslendinga í sókn okkar til sjálfstæðis á 19. öld og um síðustu aldamót urðu norskir skáldjöfrar áhrifavaldar og orkugjafar í íslenskum bókmenntum við upphaf nýrra tíma.

Án Noregs væri ekkert Ísland. Án Íslands enginn Noregur. Slík er samtvinnun sögu okkar og menningar.

Þegar hildarleikur heimsstríðsins hafði hneppt Noreg í fjötra hernáms varð Ísland heimkynni og bækistöð fjölda norskra hermanna sem börðust fyrir frelsun ættjarðarinnar. Íslenska þjóðin studdi af öllu hjarta hinar norsku hetjur sem hættu lífi sínu til að gera Noreg frjálstan á ný.

Heimkoma afa yðar hátignar og konungsfjölskyldunnar til Noregs 7. júní 1945 var einnig gleðstund í hugum Íslendinga.

Við höfum ávallt metið mikils vináttu og ræktarsemi norsku konungsfjölskyldunnar í garð okkar Íslendinga.

Í árdaga íslenska lýðveldisins kom Ólafur krónprins færandi hendi til Reykholts, óðals Snorra. Þar stendur síðan hnarreist stytta Gustafs Vigelands af höfundi Heimskringlu, tákn um böndin sem binda okkur saman.

Fyrir röskri viku sóttum við Guðrún Katrín guðspjónustu í Reykholti og ræddum framtíð Snorrastofu við heimamenn. Þá báðu

presturinn, ábúendur í Reykholtssdal og borgfirskir bændur okkur hjónin að flytja yðar hátign og Sonju drottningu og norsku þjóðinni kærar kveðjur frá heimabyggð Snorra.

Við Íslendingar varðveitum kærar minningar frá heimsóknum yðar hátignar til Íslands. Ræða yðar á Þingvöllum fyrir nær þremur árum þegar íslenska lýðveldið fagnaði 50 ára afmæli var vitnisburður um einstæða vináttu þjóðanna. Orð yðar hér í kvöld og gestrisni yðar hátigna við okkur hjónin sýna enn á ný að hér í Noregi erum við Íslendingar ekki fjarlægir gestir heldur frændur sem boðnir eru velkomnir af heilum huga.

Þegar við göngum til móts við nýja öld, og reyndar einnig nýtt árþúsund, er dýrmætt að hafa að veganesi þau auðæfi andans og gersemar menningarinnar sem sameiginlegur arfur Norðmanna og Íslendinga hefur fært okkur í hendur. Ræturnar sem við eigum saman geta reynst okkur kjölfesta í umróti heimsmyndarinnar.

Í álfu okkar, Evrópu, eru nú um 40 þjóðríki. Mörg þeirra glíma við þróun lýðræðis og mannréttinda og leita leiða til efnahagslegra framfara og velferðar.

Í þessum efnum getur framlag Íslands og Noregs til nýrrar lýðræðislegrar Evrópu, frá Atlantshafi til Úralfjalla, orðið mikilvægara en annarra. Fáar þjóðir eiga í eigin sögu jafn sannfærandi vitnisburð um gildi lýðræðis og mannréttinda og um árangur í þróun hagsældar og jafnaðar.

Fordæmi Noregs og Íslands er hinum nýfrjálsa hluta Evrópu dýrmæt hvatning. Ný öld færir okkur, Íslendingum og Norðmönnum, fjölþættari tækifæri en áður til öflugrar liðveislu við að festa lýðræðislegt samfélag í sessi um álfuna alla.

Árangur norrænna þjóða er einnig öðrum ríkjum í fjarlægum heimsálfum uppspretta lærdóms og kjarks. Á Norðurlöndum höfum við sýnt í verki að ófriður og átök, harðstjórn og gerræði eru ekki óhjákvæmilegir þættir í mannlegu samfélagi.

Með lögum skal land byggja var kjörorð frjálsra Norðmanna sem fyrir röskum 1100 árum byggðu Ísland og stofnuðu þjóðveldi á Þingvöllum.

Það eru lögin, ákveðin á lýðræðislegum vettvangi með réttmætti aðild allra, sem skapa þá sáttmála sem við viljum virða. Ekki aðeins í eigin landi heldur einnig á vettvangi allra þjóða.

Þróunarstefna heimsins færir norrænum þjóðum brýn verkefni og skyldur á komandi öld. Við berum í sjálfum okkur þá eiginleika sem aðrar

þjóðir vilja nema. Á umbrotaskeiði heimsmyndarinnar er hið norræna samfélag mikilvægara en nokkru sinni fyrr. Sú þversögn kann að koma á óvart en er engu að síður sönn.

Um leið og við hjónin þökkum gestrisni yðar hátigna er það mér mikil gleði að heiðra yður og hina norrænu frændþjóð með orðum Gunnars á Hlíðarenda til Njáls sem skráð eru í hinni fornu Brennu-Njálssögu: „Góðar eru gjafar þínar en meira þykir mér verð vinátta þín og sona þinna.”

Ég hef kynnst því nú þegar að samferð og samstarf þjóðhöfðingja Norðurlanda, konungsríkjanna þriggja og lýðveldanna tveggja, felur í sér mikilvægt tákvald og siðferðilega hvatningu þegar hinar norrænu frændþjóðir ganga í sameiningu til móts við nýja tíma.

Ég bið alla viðstadda að rísa úr sætum og lyfta glösum til heiðurs Haraldi konungi og Sonju drottningu, til heilla vináttu Íslendinga og Norðmanna á því árpúsundi sem senn gengur í garð.